



Elvý Guðríður Hreinsdóttir lauk burtfararprófi í söng frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar árið 1999. Kennari hennar var Þuríður Baldursdóttir. Hún hefur einnig sótt meistaranámskeið og einkatíma hjá ýmsum söngkennurum. Hún starfar með kammerkórnum Hymnodiu og hefur sungið einsöng við ýmis tækifæri með kórnum, í leikhúsuppsetningum, við athafnir og ýmsa tónleika. Undanfarin ár hefur Elvý haldið fjölda tónleika með Eyþóri Inga sambýlismanni sínum.